

„ÉG ætla að bíða...

... vegna þess að árin fram að tvítugu er maður í bakaraofninum og eins gott að taka ekki sénsinn á að opna of snemma því þá gæti allt farið í klessu!“

Svona tekur ungur maður til orða um ástæðu þess að hann vilji bíða með að prófa vímuefni. Ekkert er eðlilegra í augum hans en að vilja forðast hluti sem geta eyðilaggt hans eigin framtíðarplön, þótt þrautinni þyngri sé að vita hvað það er sem þurfi að forðast og hvað ekki. Hvar liggja hætturnar og hvenær á að hrökkva en ekki stökkva? Þrátt fyrir allar bollaleggingar um hvenær sé í lagi að taka áhættu án mikilla fórna þá er neysla vímuefna á unga aldri lang mesta áhættan sem við tökum. Vímuefnaneysla unglinga hefur mikið forspárgildi um framtíðina, þ.e. hversu vel þeim vegnar í lífinu síðar meir. Því yngri sem þeir eru því meiri áhættu taka þau í því að lenda í ógæfu vegna vímuefnanna. Engin önnur hegðun ungs fólks í okkar heimshluta er jafn afrifarík og neysla áfengis og tóbaks.

Þrátt fyrir þekkingu á afleiðingunum reynist mörgum erfitt að bíða með þessa ákvörðun nægilega lengi til að draga úr yfirvofandi tjóni á eigin heilsu. Ýmislegt er freistandi og í neyslusamfélagi nútímans verður oft fátt til varnar aðgengi ungmenna að vímuefnum enda er sá hópur nú skilgreindur sem markhópur fjölmargra vörumerkja í samkeppninni um peningalegan ofurhagnað. Söluherferðinni er oft beint að þessum hópi eins og öðrum og hagsmunir fjársins og eins fyrirtækis eru teknir fram yfir hagsmuni heildarinnar, hagsmuni heilsu og hamingju unga fólksins. Þín er völin – og kvölin eru einkunnarorð frjáls markaðar.



því ég vil ekki láta vímuefni eyðileggja öll mín framtíðarplön vegna þess að það er ekki hægt að spóla til baka ef illa fer vegna þess að ég er ástfangin
því ég er nokkuð forvitinn um framtíðina
því næstu ár gera mig að því sem ég verð, kannski alla ævi
vegna þess að ég er ekki tilbúin að breytast í eitthvað annað en sjálfa mig
af því að þegar ég les get ég upplifað allt sem ég vil og samt verið ég sjálf allan tímann
út af því að ég er alltaf að taka myndir og finnst það bara málið

Neysla vímuefna er sveipuð ljóma sem ungir einstaklingar standast oft ekki frekari en fullorðnir, nema síður sé.

Við sem eldri erum reynum mörg hver að hafa áhrif á þetta neysluhverfi barna okkar með því að styrkja þau til jákvæðra hluta. Tómtundir hvers konar er leið til að draga úr áhuga barna á áhættuhegðun eins og vímuefnaneyslu og samvera með fjölskyldunni styrkir velferð barnsins. En aðrir eru ekki eins hugandi um heildarmyndina og því verða mörg ungmenni fíkniefnum að bráð þrátt fyrir vilja meirihluta fólks til annars.

Verkefnið „ÉG ætla að bíða“ er unnið með þessa heildarmynd að baki. Hvers vegna byrja börn að nota áfengi og tóbak langt fyrir aldur og á hverju byggja þau ákvörðun sína um að bíða enn um sinn. Kastljósinu er beint að þeim tímupunkti sem þeim bjóðast vímuefni og unglingsarnir gefa okkur þeirra svör, sem oftar en ekki eru einlæg og frá rötum hjartans. Með þessi tilsvör að leiðarljósi verður ásynd verkefnisins unglingsamiðuð þar sem unglingar beina orðum sínum til annarra ungmenna með því að segja „ÉG ætla að bíða, hvað ætlar þú að gera?“

Verkefnið „ÉG ætla að bíða...“ var megininntak Vímuvarnavíku 2005 sem Samstarfsráð um forvarnir stóð að í samstarfi við mörg félagasamtök í landinu. Framleiðandi er MPP (MyPocket Production) sem þau Helena Jónsdóttir listdansari og Þorvaldur Þorsteinsson rithöfundur eiga og reka.